

REGLUR

um bráðabirgðatollafgreiðslu gegn fjártryggingu.

I. KAFLI

Bráðabirgðaafgreiðsla tollstjóra.

1. gr.

Geti innflytjandi vöru eigi lagt fram gögn þau sem áskilin eru í 18. og 19. gr. tollskrárlaga eða gögnunum er svo áfátt, að fullnaðartollafgreiðsla getur eigi farið fram, er tollstjóra heimilt að taka við greiðslu til bráðabirgða að eftirtöldum skilyrðum uppfylltum:

- a. Upplýsingar liggi fyrir um flutningsfar og farmskrárnúmer.
- b. Verðmæti sé tilgreint af hinum erlenda vörusendanda, t. d. í símskeyti eða telex, eða það upplýst á annan fullnægjandi hátt að mati gjaldeyrishbanka.
- c. Vörutegund og vörumagn sé tilgreint.
- d. Fyrir liggi heimildir þeirra stjórnvalda sem samþykkja þurfa innflutning tiltekinna vörutegunda, (t. d. lifandi dýr, lyf o. fl.).
- e. Afhendingarheimild gjaldeyrishbanka liggi fyrir.

2. gr.

Greiðsla skv. 1. gr. skal vera útreiknuð ríkissjóðsgjöld af viðkomandi vörusendingu að viðbættum 25%, þó aldrei lægri fjárhæð en 1 000 krónur.

Tollstjóri tiltekur ákveðinn frest til að ljúka fullnaðartollafgreiðslu og skal hann að jafnaði eigi vera lengri en 2 mánuðir frá komu vöru. Heimilt er að framlangja frestinn eftir beiðni innflytjanda, þó ekki lengur en í 4 mánuði alls frá komu vörunnar. Að fresti liðnum er tollstjóra rétt að taka fjártrygginguna til lúkningsar á gjöldum og er það fullnaðartollafgreiðsla.

II. KAFLI

Afhending farmflytjanda í neyðartilvikum.

3. gr.

Nú verður afgreiðslu skv. I. kafla ekki við komið og er farmflytjendum þá heimilt að afhenda vöru þegar afhending hennar úr þeirra vörslu þolir eigi bið vegna ástands eða eðlis vörunnar, enda liggi fyrir lágmarksupplýsingar um vöruna, sbr. a—d lið 1. gr. Heimild þessi tekur m. a. til sérpantaðra lyfja vegna ákveðinna tilgreindra nota, lifandi blóma og dýra, grænmetis, hráefnis til iðnaðarframleiðslu, vélavara-hluta í skip, flugvélar og verksmiðjur svo og hliðstæðra sendinga en hins vegar eigi til almennra verslunarvara.

4. gr.

Beiðni um afhendingu neyðarsendingar skal borin fram á sérstöku eyðublaði í fimmriti. Eyðublöðin skulu tölusett í áframhaldandi töluröð eftir afhendingarfjölda hvers farmflytjanda.

Á eyðublaðinu skulu tilgreindar helstu upplýsingar um vöru þá sem óskað er afhendingar á, skuldbindingar innflytjanda og farmflytjanda um tollafgreiðslu vörunnar svo og samþykki tollstarfsmanns sem hefur skoðað vöruna og gengið úr skugga um magn hennar og verð.

5. gr.

Við afhendingu vöru skal farmflytjandi taka fjártryggingu að eigin mati til tryggingar greiðslu hins erlenda kaupverðs, tolla, annarra ríkissjóðsgjalda og kostnaðar. Er hann ábyrgur gagnvart hinum erlenda eiganda og ríkissjóði standi innflytjandi eigi sjálfur í skilum, sbr. 6. gr.

Frumrit ásamt 1. og 2. samriti skal afhenda tollgæslunni, sem síðan sendir ríkisendurskoðun frumritið en 1. samrit til tollstjóra þess tollumdæmis þar sem áformað er að tollafgreiðsla fari fram. Tollgæslan geymir 2. samrit, farmflytjandi heldur 3. samriti en 4. samrit afhendist innflytjanda.

6. gr.

Innflytjandi greiðir hið erlenda kaupverð vörunnar til banka, annast tollskýrslugerð til þess tollembættis þar sem tollafgreiðsla á að fara fram og tollafgreiðir vöruna innan 20 daga frá afhendingu hennar. Dráttarvextir falla á gjöldin frá afhendingardegi séu þau eigi greidd til viðkomandi tollstjóra innan 30 daga frá afhendingu vöru. Hafi skil eigi verið gerð innan 30 daga frá afhendingu vöru er tollstjóra heimilt að krefja farmflytjanda um öll áfallin gjöld, þ. m. t. dráttarvexti. Dráttarvextir skulu vera hinir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. laga nr. 10 29. mars 1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

Við tollafgreiðslu vöru skal innflytjandi leggja fram samrit sitt skv. 2. mgr. 5. gr. og fá áritun tollstjóra á það um að fullnaðartollafgreiðsla hafi farið fram. Farmflytjandi endurgreiðir innflytjanda fjártryggingu skv. 1. mgr. 5. gr. gegn framvísun slíkrar áritunar tollstjóra og tollstimlaðs farmbréfs.

7. gr.

Tollstarfsmanni er rétt að synja um atbeina sinn til vöruafgreiðslunnar, sbr. 2. mgr. 4. gr., telji hann að skilyrði reglna þessara séu eigi fyrir hendi til neyðar-afhendingar vöru.

III. KAFLI

Almenn ákvæði

8. gr.

Fyrir tollmeðferð vöru samkvæmt reglum þessum skal greiða til viðkomandi tollstjóraembættis sérstakt afgreiðslugjald, 100 krónur, sem greiðist við fullnaðar-tollafgreiðslu vöru og rennur í ríkissjóð.

Innflytjandi skal jafnframt greiða allan kostnað sem leiða kann af vinnu tollstarfsmanna við nauðsynlegt tolleftirlit og tollskoðun vegna tollmeðferðar vöru samkvæmt reglum þessum.

9. gr.

Reglur þessar, sem settar eru skv. 21. og 23. gr. laga nr. 120 31. desember 1976 um tollskrá o. fl. og ákvæðum laga nr. 59 28. maí 1969 um tollheimtu og tolleftirlit með áorðnum breytingum, öðlast gildi þegar í stað og falla þá jafnframt úr gildi reglur nr. 240 30. maí 1979 um afhendingu neyðarsendinga frá útlöndum.

Fjármálaráðuneytið, 29. janúar 1982.

Ragnar Arnalds.

Björn Hafsteinsson.